

Fundargerð auka aðalfundar

Auka aðalfundur BIM Ísland miðvikudaginn 19. september 15.00-16.00.

Haldinn í Háskólanum í Reykjavík.

Dagskrá fundar

1. Fundarstjóri og fundarritari kjörnir
2. Tillaga að lagabreytingu
3. Tillaga að endurskoðuðu aðildargjaldi
4. Dagskrá starfsársins
5. Önnur atriði

Fundur settur kl. 15.00

Ingibjörg Birna Kjartansdóttir, stjórnarformaður BIM bauð fundargesti velkomna og setti fundinn.

1. Fundarstjóri og fundarritari kjörnir.

Lagt til að Hannes Frímann Sigurðsson yrði fundarstjóri og Anna María Benediksdóttir fundarritari.

2. Tillaga að lagabreytingu

Lagt var til og samþykkt á fundinum að gera eftirfarandi lagabreytingar á 3. grein laga félagsins. Í núverandi lögum félagsins segir:

- Starfandi íslensk fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög geta orðið aðilar. Umsóknnum um aðild skal beina til stjórnar og skal umsóknaraðild afgreidd á stjórnarfundi. Aðilar skulu greiða árgjald fyrir 1. mars ár hvert.
- Stjórn félagsins gerir tillögu að árgjaldi og leggur fyrir aðalfund. Árgjald er annars vegar almennt aðildargjald og hins vegar styrktaraðild sem er að lágmarki tvöfalt árgjald.
- Styrktaraðilar eru sýnilegri á heimasíðu félagsins og kynningarefni.
- Aðilar skulu tilkynna stjórn félagsins skriflega um úrsögn fyrir 1. febrúar ár hvert.

Tillaga að breytingu: (rauður texti)

3. gr.

- *Umsóknnum um aðild skal beina til stjórnar og skal umsóknaraðild afgreidd á stjórnarfundi. Aðilar skulu greiða árgjald fyrir 1. mars ár hvert.*
- *Stjórn félagsins gerir tillögu að árgjaldi og leggur fyrir aðalfund. Árgjald er fjórskipt:*
- *Einyrkjaaðild¹*
- *Aðild minni fyrirtækja, færri en 8 starfsmenn*
- *Aðild stærri fyrirtækja, 8 eða fleiri starfsmenn*
- *Styrktaraðild²*

- ¹Einyrkjaaðild veitir ekki atkvæðarétt á aðalfundi
- ²Styrktaraðilar eru **auk aðildar** sýnilegri á heimasíðu félagsins og kynningarefni.
- Aðilar skulu tilkynna stjórn félagsins skriflega um úrsögn fyrir 1. febrúar ár hvert.

Breytingartillagan að lögum félagsins var samþykkt.

3. Tillaga að endurskoðuðu aðildargjaldi

Óskað var eftir breytingum á aðildargjaldi félagsins. Breytingin felur í sér fjórskipta breytingu á aðildinni. Breytingartillagan var samþykkt.

Aðild	Árgjald
Einyrkjaaðild	kr. 25.000.
Færri en 8 starfsmenn	kr. 75.000.
8 eða fleiri starfsmenn	kr. 150.000.
Styrktaraðild	kr. 300.000.

Atkvæðisréttur í félagið ræðst ekki af framlaginu. Einyrkjaaðild er undanþegin en þeir hafa ekki atkvæðisrétt. Með nýjum aðildargjöldum er verið að koma til móts við fleiri sem nota BIM. Margir eru einyrkjar eða það eru tveir eða þrjú starfsmenn á stofu. Gjöldunum er ætlað að koma til móts við minni fyrirtæki því markmiðið er að sem flestir verði hluti af samtökunum.

4. Dagskrá starfsársins

Stjórn félagsins leggur til að á starfsárinu verði lögð áhersla á það að kynna félagið og starfsemi þess meðal annars með ráðstefnum og kynningum. Mikilvægt er að kynna einnig BIM út á við og rætt hefur verið um það í stjórninni á hvern hátt er best að gera það. Ein leiðin er að vera þátttakendur á ráðstefnum. Verður félagið meðal annars þátttakandi á ráðstefnu Advania. Einnig hefur verið haft samband við Vistbyggðarráð og óskað eftir þátttöku með þeim á kynningum. Ætlunin er að vera með ráðstefnu um BIM haustið 2019. Mikilvægt að hvetja til samstöðu innan byggingariðnaðarins til að auka sýnileikann. Núverandi stjórn hefur sett sér það markmið að byggja góðan grunn fyrir félagið og fara síðan í það verkefni að stofna faghópa innan félagsins. Lagt til að efla samtal innan greinarinnar til að styrkja notkun á BIM. Bent var á að töluvert er um námskeið í hugbúnaðargeiranum fyrir BIM meðal annars hjá Endurmenntun og söluaðila. Mikilvægt er að auka samvinnu og jákvæðni gagnvart notkuninni á BIM. Einnig á þeim mörkuðum sem komnir eru lengra í notkun BIM.

Önnur mál

Nokkrar fyrirspurnir voru undir liðnum önnur mál.

- Spurt var um samræmt verklag á BIM og hvort sú umræða hafi verið tekin í stjórninni? Umræða hefur verið í stjórninni en ekki stendur til að fara að búa til nýja staðla fyrir notkunina. Fjölmargir staðlar eru nú þegar í dag. Mikilvægt er þó að skoða og rýna ýmsa staðla og vera með námskeið og kynningar á viðfangsefninu. Nauðsynlegt er að einfalda leiðina að kerfinu til þess að fyrir leikmanninn sé þetta eins aðgengilegt og hægt er. Huga þarf að orðalagi og gera það þannig að sem flestir eigi greiðan aðgang að kerfinu. Mikilvægt að skilgreina hvar gæðin liggja í BIM og samræma vinnuna. Að setja þær upplýsingar í líkanið sem þurfa að vera til þess að hægt sé að nota það. Þannig að þegar að stofur skili af sér líkani sé ákveðin undirstaða sú sama. Skilgreining á milli fyrirtækja getur verið mjög mismunandi. Ósennilegt er þó talið að samræmdar verklýsingar verði í nánustu framtíð.
- NTI BIM Ísland hefur legið í dvala að undanförunu en miklar breytingar hafa verið á síðustu árum í þróuninni. Mun fleiri eru að nýta sér kerfið í dag en áður.
- Spurt var hvort Mannvirkjagáttin taki á móti módelum? Það gerir stofnunin en ekki en tekur á dag á móti PDF skjölum og er í raun gagnageymsla. Finnar og Norðmenn eru farnir að taka á móti rafrænum teikningum.
- Bent var á það að ef félagsmenn vilja kynna verkefni sem þau hafa gert og setja á heimasíðuna þá er um að gera að hafa samband við stjórn félagsins senda tölvupóst eða hringja og koma verkefnunum á framfæri.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 16:00.